

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á fyrstu níu
mánuðum áranna 2022 - 2024

Apríl 2025

Mánaðarlega skila barnaverndarþjónustur tölulegum upplýsingum til Barna- og fjölskyldustofu varðandi fjölda tilkynninga sem berast til barnaverndar.

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu þjónustanna á fyrstu níu mánuðum áranna 2022, 2023 og 2024. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta voru 11,8% fleiri á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 miðað við sama tímabil ársins á undan. Tilkynningum fjölgaði í öllum landshlutum á tímabilinu en mest í Reykjavík eða um 13.1%, samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2023.

Líkt og fyrri ár voru flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 vegna vanrækslu, eða 42,2% allra tilkynninga. Þetta hlutfall var 42,5% á sama tímabili árið 2023 og 43,6% árið 2022. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 var 24,3%, heldur lægra hlutfall en á sama tímabili árin áður. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 32,8% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 og hefur hækkað úr 31,6% frá sama tímabili árið 2023 og úr 28,1% á sama tímabili árið 2022. Tilkynningar þar sem heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu voru 86 eða 0,7% allra tilkynninga.

Tilkynningum vegna líkamlegrar vanrækslu fækkaði um 12,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 miðað við sama tímabil árið 2023, eftir fjölgun á árinu 2023. Tilkynningum vegna umsjónar og eftirlits fjölgaði um 8,6%. Við slíkum tilkynningum er merkt hvort að tilkynning berist vegna þess að foreldri er í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu og fækkaði slíkum tilkynningum um 2,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 miðað við sama tímabili árið á undan.

Tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 vegna ofbeldis voru 7,3% fleiri en á sama tímabili árið á undan. Tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis fjölgaði um 19,9%, tilkynningum vegna tilfinningalegs ofbeldis fjölgaði um 3,5% en tilkynningum fækkaði vegna kynferðisofbeldis um 5,3%.

Mest fjölgaði tilkynningum í flokki áhættuhegðunar á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 samanborið við árið áður, eða um 16,1%. Að auki fjölgaði tilkynningum í öllum undirflokkum nema í flokknum *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*, en þar fækkaði tilkynningum um 10,7%. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 miðað við árið á undan var fjölgunin mest í tilkynningum um að *barn neytir áfengis eða annarra efna sem eru líkleg til að valda því skaða*, en þar fjölgaði tilkynningum um 89,9% eða úr 457 tilkynningum í 868 tilkynningar. Fjölgunin er meiri hjá stúlkum en hjá drengjum. Í byrjun árs 2023 var bætt við flokknum *barn kemur sér undan forsjá*, tilkynningar sem áður voru flokkaðar saman með flokknum *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*. Með tilkomu þessa nýja flokks má sjá að meirihluti barna, á tímabilinu janúar til september 2023, sem koma sér undan forsjá eru stúlkur, eða 69,1%, en kynjahlutfallið er jafnara á fyrstu níu mánuðum ársins 2024, en tilkynningum í þessum flokki fjölgaði um 34,5%. Þá fjölgaði tilkynningum um að barn beiti ofbeldi um 25,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 miðað við sama tímabil árið á undan.

Líkt og áður bárust flestar tilkynningar frá lögreglu eða 39,7% fyrstu níu mánuði ársins 2024. Næst flestar tilkynningar bárust frá skólum og þar á eftir heilbrigðisþjónustu, í takt við sama tímabil fyrri ára. Þá má sjá

að stór hluti tilkynninga er að berast úr nánasta umhverfi barns. Samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágrönnum og öðru nærumhverfi eru 1.808 eða 14,7% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 var 9.333 börn en 8.484 börn árið á undan og 7.830 árið 2022. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.634	36,6	3.926	35,8	4.512	36,8
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.619	26,4	3.034	27,6	3.378	27,5
Landsbyggð	3.683	37,0	4.016	36,6	4.376	35,7
Samtals	9.936	100	10.976	100	12.266	100


¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	5.400	54,3	5.881	53,6	6.734	54,9
Stúlkur	4.473	45,0	5.015	45,7	5.438	44,3
Stálp ¹	8	0,1	6	<0,1	8	0,1
Ekki vitað ²	55	0,6	74	0,7	86	0,7
Samtals	9.936	100	10.976	100	12.266	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.690	34,4	2.879	33,9	3.256	34,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.091	26,7	2.441	28,8	2.566	27,5
Landsbyggð	3.049	38,9	3.164	37,3	3.511	37,6
Samtals	7.830	100	8.484	100	9.333	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.254	54,4	4.574	53,9	5.133	55,0
Stúlkur	3.518	44,9	3.841	45,3	4.114	44,1
Stálp ¹	8	0,1	4	<0,1	8	0,1
Ekki vitað ²	50	0,6	65	0,8	78	0,8
Samtals	7.830	100	8.484	100	9.333	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	4.859	62,1 ¹	5.241	61,8	5.406	57,9
<i>Drengir</i>	2.548	52,4	2.672	51,0	2.803	51,9
<i>Stúlkur</i>	2.283	47,0	2.524	48,1	2.552	47,2
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	28	0,6	45	0,9	51	0,9
Þar af nýjar kannanir	2.416	30,9 ¹	2.741	32,3	2.644	28,3
<i>Drengir</i>	1.233	51,0	1.421	51,9	1.363	51,5
<i>Stúlkur</i>	1.164	48,2	1.293	47,1	1.247	47,2
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	19	0,8	27	1,0	34	1,3

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	4.326	43,6	4.659	42,5	5.175	42,2
Ofbeldi	2.762	27,8	2.769	25,2	2.972	24,3
Áhættuhegðun barna	2.785	28,1	3.468	31,6	4.025	32,8
Vegna ófædds barns	55	0,5	74	0,7	86	0,7
Alls	9.936¹	100	10.976¹	100	12.266¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 8 tilkynningar á fyrstu 9 mánuðum árið 2022, 6 árið 2023 og 8 árið 2024 þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	4.326		4.659		5.175	
<i>Drengir</i>	2.333	53,9	2.498	53,6	2.745	53,0
<i>Stúlkur</i>	1.993	46,1	2.161	46,4	2.430	47,0
Líkamleg vanræksla	169		197		172	
<i>Drengir</i>	99	58,6	109	55,3	89	51,7
<i>Stúlkur</i>	70	41,4	88	44,7	83	48,3
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	3.758		4.120		4.474	
<i>Drengir</i>	2.014	53,6	2.223	54,0	2.367	52,9
<i>Stúlkur</i>	1.744	46,4	1.897	46,0	2.107	47,1
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.438		1.643		1.605	
<i>Drengir</i>	771	53,6	853	51,9	824	51,3
<i>Stúlkur</i>	667	46,4	790	48,1	781	48,7
Vanræksla varðandi nám	207		193		209	
<i>Drengir</i>	102	49,3	98	50,8	126	60,3
<i>Stúlkur</i>	105	50,7	95	49,2	83	39,7
Tilfinningaleg vanræksla	284		272		366	
<i>Drengir</i>	159	56,0	124	45,6	179	48,9
<i>Stúlkur</i>	125	44,0	148	54,4	187	51,1


Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	2.762		2.769		2.972	
<i>Drengir</i>	1.280	46,3	1343	48,5	1.463	49,2
<i>Stúlkur</i>	1.482	53,7	1426	51,5	1.509	50,8
Tilfinningalegt ofbeldi	1.522		1.613		1.670	
<i>Drengir</i>	732	48,1	794	49,2	831	49,8
<i>Stúlkur</i>	790	51,9	819	50,8	839	50,2
Þar af hálfu náins aðila ¹	669		668		555	
<i>Drengir</i>	320	47,8	331	49,6	295	53,2
<i>Stúlkur</i>	349	52,2	337	50,4	260	46,8
Líkamlegt ofbeldi	778		874		1.048	
<i>Drengir</i>	460	59,1	501	57,3	597	57,0
<i>Stúlkur</i>	318	40,9	373	42,7	451	43,0
Þar af hendi náins aðila ²	228		273		283	
<i>Drengir</i>	131	57,5	157	57,5	136	48,1
<i>Stúlkur</i>	97	42,5	116	42,5	147	51,9
Kynferðisofbeldi	495		438		415	
<i>Drengir</i>	112	22,6	109	24,9	126	30,4
<i>Stúlkur</i>	383	77,4	329	75,1	289	69,6
Þar af hendi náins aðila ²	143		60		82	
<i>Drengir</i>	27	18,9	13	21,7	17	20,7
<i>Stúlkur</i>	116	81,1	47	78,3	65	79,3
Þar af stafrænt kynferðisofbeldi ²	53		21		42	
<i>Drengir</i>	12	22,6	6	28,6	11	26,2
<i>Stúlkur</i>	41	77,4	15	71,4	31	73,8

¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila

²Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	2.785		3.468		4.025	
<i>Drengir</i>	1.787	64,2	2044	58,9	2.522	62,7
<i>Stúlkur</i>	998	35,8	1424	41,1	1.503	37,3
Neysla barns á áfengi/ vímuefnum	472		457		868	
<i>Drengir</i>	278	58,9	243	53,2	433	49,9
<i>Stúlkur</i>	194	41,1	214	46,8	435	50,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	899		1.154		1.031	
<i>Drengir</i>	439	48,8	508	44,0	508	49,3
<i>Stúlkur</i>	460	51,2	646	56,0	523	50,7
Barn kemur sér undan forsjá			139¹		187	
<i>Drengir</i>	-	-	43	30,9	93	49,7
<i>Stúlkur</i>	-	-	96	69,1	94	50,3
Afbrot barns	578		739		760	
<i>Drengir</i>	437	75,6	546	73,9	576	75,8
<i>Stúlkur</i>	141	24,4	193	26,1	184	24,2
Barn beitir ofbeldi	657		743		933	
<i>Drengir</i>	551	83,9	599	80,6	787	84,4
<i>Stúlkur</i>	106	16,1	144	19,4	146	15,6
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	238		320		351	
<i>Drengir</i>	126	52,9	150	46,9	192	54,7
<i>Stúlkur</i>	112	47,1	170	53,1	159	45,3

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	576		597		638	
<i>Drengir</i>	309	53,6	321	53,8	301	47,2
<i>Stúlkur</i>	262	45,5	268	44,9	325	50,9
<i>Stálp eða ekki vitað¹</i>	5	0,9	8	1,3	12	0,9

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023		Fyrstu níu mánuðir 2024	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	49	0,5	39	0,4	64	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	513	5,2	354	3,2	369	3,0
Nágrannar	515	5,2	427	3,9	540	4,4
Annað nærumhverfi barns	499	5,0	748	6,8	835	6,8
Önnur barnaverndarþjónusta	148	1,5	152	1,4	151	1,2
Félagsþjónusta/þjónustumiðst.	313	3,2	311	2,8	374	3,1
Lögregla	3.794	38,2	4.178	38,1	4.873	39,7
Skóli	1.279	12,9	1.512	13,8	1.768	14,4
Leikskóli/dagforeldri	146	1,5	208	1,9	206	1,7
Íþróttir og tómstundastarf	45	0,5	28	0,3	42	0,3
Heilbrigðisþjónusta	1.182	11,9	1.393	12,7	1.426	11,6
Foreldrar barns	756	7,6	798	7,3	879	7,2
Aðrir	697	7,0	828	7,5	739	6,0
Samtals	9.936	100	10.976	100	12.266	100